

EFTIRLITSSKÝRSLA

Bæjarveit Vestmannaeyja Eldfellsvegur Vestmannaeyjar

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits 1.11.2013

Fullríu UST Sigrún Guðmundsdóttir

Fyrirtæki Bæjarveit Vestmannaeyja

Fullríu UST

Heimili Eldfellsvegur

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 481188-2539

Flokkur Úrgangur og efnamóttaka

Fullríu fyrirtækis Ólafur Snorrason

ÍSAT nr. 38.21.0

Fullríu fyrirtækis

Staðsetning 437434,084 326685,344

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Hluti sorpbrennslubúnaðar hefur verið tekinn niður og mun rekstraraðili gera grein fyrir frágangi sorpbrennslubúnaðar skriflega. Sorpbrennslu var hætt 1.10.12, og urðun óbrennanlegs úrgangs í Búastaðagryfju um svipað leyti. Starfsleyfi rekstraraðila hefur þó ekki verið dregið til baka (rennur út 1.2.2016). Athafnasvæði sorpbrennslunnar verður áfram nýtt undir úrgangsmeðhöndlun, sem og sorpbrennsluhúsið sjálft (starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands). Unnið er að frágangi í Búastaðagryfju og er ásýnd urðunarsvæða í lagi, (úrgangur hvergi sjáanlegur/allur vel hulinn/búið að sléttu svæðið að mestu). Eftir er að ljúka vöktunaráætlun o.fl. og mun rekstraraðili boða til fundar með Umhverfisstofnun fljótega. Kubbur ehf sér nú um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum og fer Heilbrigðiseftirlit Suðurlands með eftirlit með starfseminni. Engar athugasemdir eru gerðar og var ekki annað að sjá en að úrgangsmál séu komin í góðan farveg í Vestmannaeyjum.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var stuttur fundur með rekstraraðila um stöðu lokunar sorpbrennslu og frágang í urðunargryfju við Eldfellsveg. Skoðun fór síðan fram í sorpbrennslustöð og Búastaðagryfju.

Reykjavík, 04.11.2013



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.